


Vinir Zippýs - námsþáttur 6: Við spjörum okkur


Í þessum síðasta námsþætti er leitast við að renna styrkari stoðum undir allt sem fram hefur komið í námsþáttunum á undan um leiðir til þess að bjarga sér þegar vanda ber að höndum, til að hjálpa öðrum og til að aðlagast nýju umhverfi. Í þessum námsþætti er því fagnað sem lærst hefur og að lokum fær hvert barn kórónu og viðurkenningarskjal.


Ábendingar:

- Á þessum tímamarki er gott að fara yfir það sem barnið hefur lært. Farið aftur yfir það sem var á dagskrá í fyrstu námsþáttunum og endurtakið verkefni sem barninu hefur þótt gaman að vinna með ykkur foreldrunum.
- Hvetjið barnið til þess að veita öðrum hjálp og stuðning þegar þeir þurfa á því að halda.
- Jafnvel þótt barnið hafi reynst vera fært um að bjarga sér vel þegar á hefur reynt skuluð þið samt hvetja það til þess að hugleiða hvort önnur viðbrögð hefðu einnig getað komið til greina. Það er nefnilega mikilvægt að börnin búi yfir fjölbreyttum úrræðum og sjái að stundum er hægt að fara fleiri en eina leið að sama marki en miða þurfi við aðstæður hverju sinni.
- Bjóðið fram aðstoð ykkar við undirbúning síðustu kennslustundarinnar þegar því er fagnað sem náðst hefur að kenna og læra í tengslum við námsefnið *Vinir Zippýs*.

Þrjú verkefni

1. verkefni	Að breyta – og geta ekki breytt
Markmið	Að bæta færni barnsins í að greina milli þess sem við getum breytt og hins sem við getum ekki haft nein áhrif á.
Hvað tekur þetta langan tíma?	15 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Myndabækur og myndablöð.
Hvað á að gera? 	Skoðið mynd í bókum og blöðum með barninu og spyrjið hvort það geti lýst því sem er að gerast á myndinni. Spyrjið barnið síðan hvort það haldi að þessu hefði mátt breyta eða hafa áhrif á það með einhverju móti. Hefði mátt breyta þessu til hins betra – eða til hins verra? Ef breytingin virðist hafa verið slæm, hvað hefði þá mátt gera til þess að gera hana bærilegri?

2. verkefni	Sigurvegarinn
Markmið	Að hjálpa barninu að beita úrlausnafærninni sem það hefur tileinkað sér við breytilegar aðstæður.
Hvað tekur þetta langan tíma?	30 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Pappírsörk, skæri, gylltan pappír og borða.
Hvað á að gera? 	Hjálpni barninu að búa til gylltar orður eða heiðursmerki. Gefið því til kynna að það verði sæmt slíkri orðu í hvert sinn sem það getur takist á árangursríkan hátt á við vandamál eða erfiðleika. Biðjið barnið að rifja upp eitthvað sem verið hefur nýlega á dagskrá og segja frá því hvernig það tók á málinu. Þið getið ef til vill veitt fyrstu orðuna við þetta tækifæri. Með orðuveitingunni aukast líkurnar á því að barnið greini ykkur frá því hvernig það leysir erfið mál sem það kann að standa frammi fyrir í daglegu lífi. Þið gætuð líka sæmt barnið orðu ef það hefur hjálpað vini sínum eða vinkonu að komast vel úr erfiðleikum.

3. verkefni	Út í óvissuna
Markmið	Að hjálpa barni að beita úrlausnafærni sem það hefur tileinkað sér við breytilegar aðstæður.
Hvað tekur þetta langan tíma?	Getur verið breytilegt.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Ekkert sérstakt.
<p data-bbox="236 412 448 443">Hvað á að gera?</p> <div data-bbox="411 551 507 685" style="text-align: center;">  <p>Námsátta 6 Við spjörum okkur</p> </div>	<p data-bbox="683 412 1350 651">Skipuleggið heimsókn á stað sem barnið hefur aldrei fyrr komið á. Áður en þið leggið af stað skuluð þið spyrja barnið hvernig það ímynda sér að þetta verði og hvað það haldi að því muni þykja skemmtilegast. Að heimsókninni lokinni skuluð þið biðja barnið að teikna mynd að segja frá hvernig því þótti þessi heimsókn. Var heimsóknin í samræmi við það sem barnið hafði gert sér í hugarlund?</p> <p data-bbox="683 689 1350 902">Hægt er að hafa ýmis tilbrigði við þetta verkefni. Til dæmis getið þið skipulagt máltíð saman og eldað eftir nýrri uppskrift, kannski frá öðru landi þar sem nota þarf ný hráefni sem barninu eru ókunn. Spyrjið fyrir matinn hvernig barnið haldi að maturinn muni bragðast og að máltíðinni lokinni eða meðan þið borðið hvort maturinn smakkist eins og barnið hafði gert ráð fyrir.</p>